

## Aðalfundur 25. sept. 1995.

### Nafn:

Karl Björnsson  
Guðmundur Hermannsson  
Einar Mathiesen  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Magnús Karel Hannesson  
Grétar Zophaníasson  
Guðmundur Einarsson  
Hjörtur Þórarinsson  
Bjarki Reynisson  
Þórir Þorgeirsson  
Guðmundur Þorvaldsson  
Böðvar Pálsson  
Gísli Einarsson  
Kjartan Ágústsson  
Bjarni Einarsson  
Páll Lýðsson

### Sveitarfélag:

Selfoss  
Ölfushreppur  
Hveragerði  
Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Eyrarbakkahreppur  
Stokkseyrarhreppur  
Hraungerðishreppur  
fv. frkvstj. SASS  
Villingaholtshreppur  
Laugardalshreppur  
Grafningshreppur  
Grímsneshreppur  
Biskupstungnahreppur  
Skeiðahreppur  
Gnúpverjahreppur  
Sandvíkurhreppur.

## **Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands 1995. Haldinn á Hótel Selfossi, 28. sept. 1995.**

Formaður, Karl Björnsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skýrsla stjórnar og ársreikningar.**

Karl Björnsson gerði grein fyrir starfsemi stjórnarinnar á liðnu starfsári, en þar ber hæst störf vegna nýs urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu sem opnað var 9. júní sl.

Hann greindi frá kostnaði við uppbyggingu svæðisins, en heildarkostnaður nemur samtals um 70 milljónum, og þá er vegagerð innifalin.

Hann skýrði einnig frá rekstri svæðisins og fyrirhuguðum breytingum á honum.

Í máli hans kom einnig fram að níu sveitarfélög hafa gengið inn í fyrirtækið á árinu og eru þau nú alls 24.

Hann skýrði frá þeim bótum sem greiddar hafa verið vegna staðsetningar urðunarsvæðis og þeim bótakröfum sem enn eru upp vegna svæðisins.

Karl sagði síðan frá samningaviðræðum sem átt hafa sér stað að undanfögnu við fyrirtæki í Hafnarfirði um urðun í Kirkjuferjuháleigu og taldi þau samningsdrög sem nú liggja fyrir mjög vænleg fyrir Sorpstöðina.

Böðvar Pálsson spurðist fyrir um bótakröfur á hendur fyrirtækinu.

Karl svaraði og skýrði frá því að eigendur Auðsholts hefðu nú farið fram á dómkvaðningu matsmanna til að meta hugsanlegt tjón eigendanna, Karl greindi einnig frá þeim viðræðum sem átt hafa sér stað um málið.

#### **Ársreikningur 1994 lagður fram.**

Formaður fór yfir helstu tölur.

Rekstrarhagnaður nam 9.2 milljónum.

Eignir eru metnar á 62 milljónir og skuldir 30 milljónir.

Eigið fé er rúmlega 22 milljónir.

Þórir Þorgeirsson lýsti ánægju sinni með starfsemi fyrirtækisins og fagnaði því hve mörg sveitarfélög hafa nú bæst í hópinn.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

## 2. Ákvörðun gjaldskrár.

Hjörtur skýrði frá þróun þessara mála undanfarin ár og gat sérstaklega um þátt Arnars Árnasonar í því að rekstrarkostnaður er með lágsta móti hér á Suðurlandi. Gjaldskráin borin upp og staðfest samhljóða.

## 3. Tillaga stjórnar að nýrri samþykkt fyrir Sorpstöð Suðurlands.

Karl Björnsson fór yfir tillögurnar. Gerðar voru ýmsar minni háttar breytingartillögur sem voru samþykktar. Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

## 4. Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja til vara.

Kosnir voru sem aðalmenn; Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Varamenn voru kosnir; Einar Mathiesen, Grétar Zophaníasson og Ágúst Ingi Ólafsson.

## 5. Kosning tveggja endurskoðenda.

Skoðunarmenn ársreikninga voru kosnir; Magnús Karel Hannesson og Bjarki Reynisson.

## 6. Önnur mál.

Lögð fram drög að samningi við fyrirtæki í Hafnarfirði um urðun o.fl. Formaður fór yfir samningsdrögin og skýrði. Samþykkt að veita stjórninni heimild til að ganga til samninga á grundvelli þessara draga.

Í tilefni þessa varð til eftirfarandi vísa (Hj.Þ.):

Ykkar fundir enn sem fyrr  
eru góðar stundir.  
Milljón króna mennirnir  
mega skrifa undir.

Að lokum þakkaði formaður fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði honum slitið kl. 16.00.

Þorvarður Hjaltason.